17. apríl 2024

# Fjármálaáætlun 2025-2029
## Efnahagshorfur og fjármál hins opinbera

Kynning fyrir fjárlaganefnd Alþingis

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Efnahagsstefnan og efnahagshorfur

# Umsvif í þjóðarbúinu nálgast jafnvægi

## Helstu mælikvarðar á þenslu eru engu að síður ennþá yfir meðallagi – aðstæður til að slaka á aðhaldi hagstjórnar hafa ekki enn skapast.

**Efnahagsumsvif eru nálægt jafnvægi**
Frávik landsframleiðslu frá jafnvægi, nokkrir mælikvarðar




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Seðlabanki Íslands. Mælikvarðarnir eru: framleiðsluspenna skv. QMM-grunni Seðlabankans, hlutfall fyrirtækja sem segist starfa við hámarksframleiðslugetu, hlutfall fyrirtækja sem segist skorta starfsfólk, NF-vísitala, sveifla VLF skv. HP-síu, og vísitala hagsveiflu.

# Hagvöxtur áfram ágætur í ár

## Einkaneysla dregst nú saman en talið er að hún taki við sér þegar líður á árið. Áhrif jarðhræringanna á Reykjanesskaga á ferðaþjónustu virðast fara minnkandi.

**Hagvöxtur**




**Vöxtur erlendrar kortaveltu milli ára**
Að raunvirði



# Staða heimila er mjög sterk

Líkur á að kaupmáttur vaxi áfram með hjaðnandi verðbólgu. Til langs tíma litið er vöxtur kaupmáttar háður þróun framleiðni.

**Kaupmáttur launa á samræmdan mælikvarða**
1. ársfjórðungur 2013 = 100




Heimild: Eurostat. Kaupmáttur launa á vinnustund miðað við samræmda vísitölu neysluverðs. Árstíðaleiðrétt laun í viðskiptahagkerfinu.
*Belgía, Þýskaland, Írland, Spánn, Frakkland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Austurríki og Portúgal.

# Útflutningur verður fjölbreyttari

Vaxtarsprotar útflutnings eru margir hverjir í mikilli alþjóðlegri samkeppni þar sem stöðugt efnahagsumhverfi skiptir sérstaklega miklu máli.

**Ferðaþjónusta er enn langstærsta stoð útflutnings**
Hlutfall af heildarútflutningi




**Stoðum útflutnings fjölgar og fjölbreyttari störf verða til.**

**Þessar greinar eiga sérstaklega mikið undir efnahagslegum stöðugleika.**

Heimild: Hagstofa Íslands. Upprennandi útflutningsgreinar eru eldisfiskur, lyf og lækningatæki, ýmsar iðnaðarvörur og tækni-, vísinda-, sérfræði- og menningartengd þjónusta.

# Árangur í lækkun verðbólgu

Hækkun vaxta og batnandi afkoma ríkissjóðs samhliða vexti efnahagsumsvifa er bersýnilega að skila árangri í baráttunni við verðbólgu – en enn er nokkuð í land.

**Verðbólga og stýrivextir**




**Áframhaldandi lækkun verðbólgu er undir því komin að áfram séu teknar skynsamlegar ákvarðanir í hagstjórn.**

Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

# Verðbólguhorfur batna en ennþá óvissa

Niðurstöður kjarasamninga á almennum vinnumarkaði styðja áframhaldandi lækkun verðbólgu. Viðvarandi hátt verðbólguálag til marks um að óvissa þykir um þróunina.

**Verðbólguhorfur batna**
Verðbólga og spár Hagstofu




**Verðbólguálag er þó enn allt of hátt**
Verðbólguálag til 5 ára á skuldabréfamarkaði




Heimild: Hagstofa Íslands, Macrobond. Hægri mynd: Meðaltal álags m.v. RIKB31 og RIKS30 annars vegar og RIKB25 og RIKS26 hins vegar.

# Aukin umsvif á húsnæðismarkaði

Atburðir í Grindavík hafa áhrif á markaðinn. Á móti vegur að fjöldi fullbúinna íbúða árið 2023 var umfram spár og sá næstmesti frá upphafi mælinga.

**Færri íbúðir í byggingu en í fyrra, en fleiri en fyrir tveimur árum**




**Enn eru margar íbúðir til sölu, þar á meðal nýjar íbúðir**




Heimild: HMS. Hægri mynd: Höfuðborgarsvæðið.

# Aðhald í ríkisfjármálum

Aðhaldssöm stefna í opinberum fjármálum endurspeglast í því að afkoma ríkissjóðs og hins opinberabatnar markvert umfram það sem leiðir beint af efnahagsuppsveiflunni.

**Breyting á hagsveifluleiðréttum frumjöfnuði A1-hluta hins opinbera**
% af VLF, án einskiptisliða




*Að meðtöldu framlagi ríkisaðila til fjármögnunar kaupa Þórkötlu á íbúðarhúsnæði (miðað við að allir sem hafa heimild til að selja félaginu íbúðir sínar geri það) sem hefur ekki bein áhrif á frumjöfnuð A1-hluta ríkissjóðs.

# Aðhald bæði á útgjalda- og tekjuhlið

**Talsvert aðhald er í rekstri ríkissjóðs 2024 og 2025**

Áhrif útgjalda og skattkerfisbreytinga á aðhald í rekstri A1-hluta ríkissjóðs, % af VLF




*Vöxtur framleiðslugetu þjóðarbúsins samkvæmt þjóðhagsspá umfram heildarvöxt ríkisútgjalda, án einskiptisliða, vaxtagjalda og atvinnuleysisbóta, og að frádregnum þeim liðum sem eru dregnir fram á myndinni. **Framlag til Fasteignafélagsins Þórkötlu telst ekki til útgjalda.

# Fjármál hins opinbera

# Meginmarkmið

- Meginmarkmið fjármálaáætlunarinnar er að bæta áfram afkomu hins opinbera svo hún geti stuðlað með sjálfbærum hætti að lækkun skuldahlutfalla.
- Með því verði sjálfbærni opinberra fjármála tryggð og staðinn vörður um fjárhagslegan viðnámsþrótt hins opinbera.
- Þessar áherslur eru í samræmi við markmið gildandi fjármálastefnu fyrir árin 2022–2026.

# Draga þarf úr útgjaldavexti

Stefnt er að því að heildarútgjöld hins opinbera fari úr 44% af VLF árið 2024 í tæplega 41% af VLF í lok tímabilsins.

**Áfram þarf að styrkja fjárhagsstöðu hins opinbera**
Hagsveifluleiðréttur frumjöfnuður, % af VLF




A1-hluti hins opinbera. Án einskiptisliða.

# Opinber fjármál ná jafnvægi

Gert er ráð fyrir að hið opinbera verði rekið með afgangi árið 2029. Skuldastaða er stöðug og byrjar að lækka undir lok tímabilsins.

**Afkoma hins opinbera batnar og heildarjöfnuður nær jafnvægi**
Afkoma hins opinbera, % af VLF




**Skuldir hins opinbera verða stöðugar og lækka undir lok tímabilsins**
% af VLF




* Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

# Afkomu- og skuldahorfur eru í samræmi við fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026

## Afkomuhorfur hins opinbera samanborið við markmið fjármalastefnu

| Afkoma, ma.kr. | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 |
|---|---|---|---|---|---|
| I. Hið opinbera | | | | | |
| Heildartekjur | 1.565 | 1.780 | 1.898 | 2.009 | 2.108 |
| Heildargjöld | 1.714 | 1.857 | 1.978 | 2.053 | 2.140 |
| **Afkoma** | **-149** | **-76** | **-80** | **-44** | **-31** |
| **% af VLF** | **-3,8** | **-1,8** | **-1,8** | **-0,9** | **-0,6** |
| Fjármálastefna % af VLF | -7,0 | -4,8 | -3,6 | -2,4 | -1,0 |
| Frávik % af VLF | 3,2 | 3,0 | 1,8 | 1,5 | 0,4 |
| II. Ríkissjóður | | | | | |
| Heildartekjur | 1.131 | 1.289 | 1.367 | 1.446 | 1.514 |
| Heildargjöld | 1.243 | 1.333 | 1.417 | 1.471 | 1.535 |
| **Afkoma** | **-112** | **-45** | **-49** | **-25** | **-21** |
| **% af VLF** | **-2,9** | **-1,0** | **-1,1** | **-0,5** | **-0,4** |
| Fjármálastefna % af VLF | -6,0 | -4,0 | -3,0 | -2,0 | -0,8 |
| Frávik % af VLF | 3,1 | 3,0 | 1,9 | 1,5 | 0,4 |
| III. Sveitarfélög | | | | | |
| Heildartekjur | 482 | 547 | 586 | 621 | 655 |
| Heildargjöld | 536 | 590 | 617 | 641 | 666 |
| **Afkoma** | **-55** | **-43** | **-31** | **-19** | **-10** |
| **% af VLF** | **-1,4** | **-1,0** | **-0,7** | **-0,4** | **-0,2** |
| Fjármálastefna % af VLF | -1,0 | -0,8 | -0,6 | -0,4 | -0,2 |
| Frávik % af VLF | -0,4 | -0,2 | -0,1 | 0,0 | 0,0 |

## Skuldahorfur hins opinbera samanborið við markmið fjármalastefnu

| Skuldir, ma.kr. | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 |
|---|---|---|---|---|---|
| I. Hið opinbera | | | | | |
| Skuldir skv. fjármálareglu[1] | 1.514 | 1.629 | 1.757 | 1.828 | 1.939 |
| % af VLF | 39,0 | 38,1 | 38,7 | 37,9 | 37,9 |
| Stefna, % af VLF | 43,5 | 46,0 | 49,0 | 51,0 | 51,5 |
| Frávik % af VLF | -4,5 | -7,9 | -10,3 | -13,1 | -13,6 |
| II. Ríkissjóður | | | | | |
| Skuldir skv. fjármálareglu[1] | 1.257 | 1.346 | 1.444 | 1.495 | 1.596 |
| % af VLF | 32,4 | 31,5 | 31,8 | 31,0 | 31,2 |
| Stefna, % af VLF | 36,0 | 38,0 | 40,5 | 42,0 | 42,5 |
| Frávik % af VLF | -3,6 | -6,5 | -8,7 | -11,0 | -11,3 |
| III. Sveitarfélög | | | | | |
| Skuldir skv. fjármálareglu[1] | 257 | 283 | 314 | 333 | 343 |
| % af VLF | 6,6 | 6,6 | 6,9 | 6,9 | 6,7 |
| Stefna, % af VLF | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,0 |
| Frávik % af VLF | -0,9 | -1,4 | -1,6 | -2,1 | -2,3 |

[1] Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

## Samanburður við tölusett skilyrði (fjármálareglur)

| Fjármálaregla | Skorður | Skilyrði uppfyllt? | |
|---|---|---|---|
| 1. Afkomuregla | | | |
| a. Heildarjöfnuður hins opinbera yfir fimm ára tímabil skal ávallt vera jákvæður. | Fyrsta 5 ára tímabilið eftir að reglurnar taka aftur gildi er 2026–2030 og skal heildarjöfnuður þess tímabils vera jákvæður. | Samkvæmt áætluninni er uppsafnaður halli á heildarafkomu hins opinbera árin 2026–2029 um 0,8% af VLF ársins 2029. Síðasta ár reglunnar nær út fyrir tímabil áætlunarinnar en til þess að uppfylla skilyrðið mun afkoma hins opinbera þurfa að vera jákvæð sem því nemur árið 2030 og batna þannig frá árinu 2029 um svipað umfang og milli áranna 2024 og 2025. | ✓ |
| b. Árlegur halli á heildarjöfnuði skal ekki vera meiri en 2,5% af VLF. | Árlegur halli á heildarjöfnuði árin 2026–2029 má ekki vera meiri en 2,5% af VLF. | Áætlaður halli hins opinbera er 0,6% af VLF árið 2026 en gert er ráð fyrir afgangi árið 2029. | ✓ |
| 2. Skuldaregla | | | |
| Heildarskuldir hins opinbera, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, séu lægri en sem nemur 30% af VLF. | Skuldir hins opinbera skv. skuldareglu skulu ekki vera umfram 30% af VLF í árslok 2026–2029. | Skuldir hins opinbera eru umfram 30% árin 2026–2029. Við slíkar aðstæður virkjast ákvæði skuldalækkunarreglu, sbr. 3. tl. og þá fyrst frá og með árinu 2027. | ✗ |
| 3. Skuldalækkunarregla | | | |
| Séu skuldir umfram hámark skuldareglu skulu þær lækka um a.m.k. 5% af því sem ber í milli heildarskulda og skuldahámarks, sbr. 2. tl., að meðaltali árlega á hverju þriggja ára tímabili. | Skuldir hins opinbera skv. skuldareglu skulu lækka um a.m.k. 1,2% af VLF á árunum 2027–2029. | Skuldir hins opinbera skv. skuldareglu lækka um 1,2% af VLF á árunum 2027–2029. | ✓ |

# Fjármálareglur taka aftur gildi 2026

Fjármálaáætlunin uppfyllir tölulegar reglur laga um opinber fjármál frá þeim tíma.

# Innleiðing fjármálareglna á ný

## Stöðugleikaregla gæti hentað betur en afkomuregla

**Stöðugleikaregla stuðlar að bæði sjálfbærni og stöðugleika**



# Fjármál ríkissjóðs

# Leiðarljós í fjármálum ríkissjóðs

- Leiðarljós fjármálaáætlunarinnar er að **tryggð verði viðunandi lækkun skulda** sem samræmist markmiðum gildandi fjármálastefnu og tölulegum fjármálareglum laga um opinber fjármál.
- Til þess að svo geti orðið þarf **frumjöfnuðurinn að batna** á tímabilinu og heildarjöfnuður ríkisfjármála að verða jákvæður á ný. Afkoma ríkissjóðs stuðlar þá að lækkun skulda samhliða því sem afkomubatinn vinnur gegn verðbólguþrýstingi.
- Bati í afkomu ríkissjóðs verður tryggður með því að **halda aftur af útgjaldavexti** og er í forsendum áætlunarinnar að jafnaði gert ráð fyrir um 4% nafnaukningu heildarútgjalda á ári.

# Horfur í ár sambærilegar og í fjárlögum

Áfram er gert ráð fyrir að heildarjöfnuður í ár verði 1,1% af VLF líkt og gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2024.

**Afkomuhorfur ríkissjóðs eru nær óbreyttar frá áætlun fjárlaga 2024**

Heildar- og frumjöfnuður ríkissjóðs, % af VLF




Afkomuhorfur í ár nær óbreyttar þrátt fyrir aðkomu að kjarasamningum einkum v. hærri tekna

# Frumjöfnuður ríkissjóðs batnar umtalsvert

Heildarjöfnuði er náð 2028 og verður jákvæður um 0,3% af VLF 2029. Skuldir lækka undir lok tímabilsins og þannig verður tryggt að skuldir hins opinbera uppfylli skuldalækkunarreglu laga um opinber fjármál.

**Afkoma ríkissjóðs batnar áfram**
Afkoma ríkissjóðs, % af VLF




**Skuldir ríkissjóðs eru stöðugar sem hlutfall af VLF og fara lækkandi undir lok tímabilsins**
% af VLF




* Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

# Haldið aftur af útgjaldavexti

Hóflegur útgjaldavöxtur á tímabili áætlunarinnar tryggir að útgjaldastig ríkissjóðs verður aftur í námunda við það sem var fyrir faraldur – það drífur batnandi afkomu.

**Stefnumörkun um að halda aftur af útgjaldavexti skilar bættri afkomu ríkissjóðs**
% af VLF



# Áætluð afkoma ríkissjóðs

| Þjóðhagsgrunnur, ma.kr. | Áætl. 2024 | Áætl. 2025 | Áætl. 2026 | Áætl. 2027 | Áætl. 2028 | Áætl. 2029 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Frumtekjur | 1.324,3 | 1.406,5 | 1.479,1 | 1.557,8 | 1.628,3 | 1.706,5 |
| Frumgjöld | 1.302,5 | 1.365,9 | 1.427,5 | 1.490,7 | 1.545,5 | 1.605,0 |
| **Frumjöfnuður** | **21,8** | **40,6** | **51,6** | **67,1** | **82,8** | **101,5** |
| **% af VLF** | **0,5** | **0,8** | **1,0** | **1,2** | **1,5** | **1,7** |
| Vaxtatekjur | 43,1 | 39,5 | 35,2 | 35,8 | 39,4 | 41,2 |
| Vaxtagjöld | 114,2 | 104,8 | 107,9 | 111,9 | 119,7 | 122,6 |
| þar af gjaldfærðir vextir | 59,3 | 63,3 | 71,8 | 79,1 | 87,5 | 90,8 |
| þar af verðbætur | 36,5 | 22,9 | 17,6 | 14,5 | 14,1 | 13,8 |
| þar af reiknaðir vextir á lífeyrisskuldb. | 18,4 | 18,6 | 18,5 | 18,3 | 18,1 | 18,0 |
| **Fjármagnsjöfnuður** | **-71,1** | **-65,3** | **-72,7** | **-76,1** | **-80,3** | **-81,4** |
| **% af VLF** | **-1,6** | **-1,4** | **-1,4** | **-1,4** | **-1,4** | **-1,4** |
| Heildartekjur | 1.367,4 | 1.446,0 | 1.514,3 | 1.593,6 | 1.667,7 | 1.747,7 |
| Heildarútgjöld | 1.416,7 | 1.470,7 | 1.535,4 | 1.602,6 | 1.665,2 | 1.727,6 |
| **Heildarjöfnuður** | **-49,3** | **-24,7** | **-21,1** | **-9,0** | **2,5** | **20,1** |
| **% af VLF** | **-1,1** | **-0,5** | **-0,4** | **-0,2** | **0,0** | **0,3** |
| Þar af tekjuráðstafanir, uppsöfnuð áhrif | - | 0,0 | 4,5 | 9,0 | 9,0 | 9,0 |
| Þar af útgjaldaráðstafanir, uppsöfnuð áhrif | - | 9,0 | 13,5 | 18,0 | 18,0 | 18,0 |
| **Þar af ráðstafanir, uppsöfnuð áhrif** | - | **9,0** | **18,0** | **27,0** | **27,0** | **27,0** |
| **% af VLF** | - | **0,2** | **0,4** | **0,5** | **0,5** | **0,5** |

- Afkoma ríkissjóðs batnar umtalsvert á næsta ári þar sem frumjöfnuður batnar og vaxtagjöld lækka v. lægri verðbóta. Heildarafkoma verður þá í halla um 0,5% af VLF.
- Frumjöfnuður batnar árin þar á eftir á meðan vaxtajöfnuður er stöðugur og batnar heildarafkoman því þannig að hún verði í jöfnuði 2028 og jákvæð í árslok 2029.
- Áfram er gert ráð fyrir afkomubætandi ráðstöfunum 9 ma.kr. á ári í þrjú ár þ.e. 27 ma.kr. uppsafnað árin 2025-2027.

# Tekjur og gjöld eru um 35-50 ma.kr. á ári hærri að jafnaði en í gildandi áætlun

**Samanburður við gildandi fjármálaáætlun 2024-2028**
**(br. frá gildandi áætlun)**

| Þjóðhagsgrunnur, ma.kr. | Áætl. 2024 | Áætl. 2025 | Áætl. 2026 | Áætl. 2027 | Áætl. 2028 |
|---|---|---|---|---|---|
| Frumtekjur | 26,3 | 28,9 | 35,0 | 43,8 | 42,4 |
| Frumgjöld | 18,0 | 10,3 | 27,7 | 42,0 | 32,7 |
| **Frumjöfnuður** | **8,3** | **18,6** | **7,3** | **1,8** | **9,7** |
| **% af VLF** | **0,2** | **0,4** | **0,2** | **0,0** | **0,2** |
| Vaxtatekjur | 8,0 | 9,4 | 5,9 | 3,2 | 4,4 |
| Vaxtagjöld | 17,3 | 14,3 | 14,4 | 13,9 | 15,8 |
| **Fjármagnsjöfnuður** | **-9,3** | **-4,9** | **-8,5** | **-10,7** | **-11,4** |
| **% af VLF** | **-0,2** | **-0,1** | **-0,2** | **-0,2** | **-0,2** |
| Heildartekjur | 34,3 | 38,3 | 40,9 | 47,0 | 46,8 |
| Heildarútgjöld | 35,3 | 24,6 | 42,1 | 55,9 | 48,5 |
| **Heildarjöfnuður** | **-1,0** | **13,7** | **-1,2** | **-8,9** | **-1,7** |
| **% af VLF** | **0,0** | **0,3** | **0,0** | **-0,2** | **0,0** |

- Frumjöfnuður batnar um 9 ma.kr. að jafnaði á ári hverju yfir tímabilið.
- Endurskoðun hagvaxtar árin 2022–2023 leiddi til hækkunar nafnverðs landsframleiðslu frá fyrri áætlun. Af þeim sökum lækka frumútgjöld í hlutfalli við VLF og frumtekjur standa nokkurn veginn í stað þótt bæði vaxi að nafnvirði.
- Á móti vegur að vaxtagjöld eru hærri vegna hærra vaxtastigs og heildarafkoman því lítið breytt.

# Fjármál sveitarfélaga

# Sveitarfélög og ýmsar lykilstærðir

- Sveitarfélög eru nú 64 talsins, en þeim fækkaði um fimm að afloknum sveitarstjórnarkosningum á síðasta ári.
- Þau fara með tæplega 30% af opinberum útgjöldum, en fjöldi stöðugilda var um 25 þúsund hjá sveitarfélögum og fyrirtækjum þeirra árið 2022 (en ríflega 20 þúsund hjá ríkinu).
- Skipting íbúa sveitarfélaga eftir þéttbýlisstöðum er skv. Hagstofu Íslands þannig að 63% landsmanna búa á höfuðborgarsvæðinu, tæplega 6% í Reykjanesbæ og um 5% á Akureyri og nágrenni, en þetta eru tveir næststærstu þéttbýlisstaðirnir.

# Rekstur sveitarfélaga batnar

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri 2023 nam afkomuhalli sveitarfélaga 1% af VLF. Gert er ráð fyrir að afkoman batni, en verði þó í halla allt tímabilið sem muni nema um 0,2% af VLF á síðustu árum. Fjárfestingarstig áætlað við langtímameðaltal á tímabilinu.

**Afkoma sveitarfélaga batnar en verður þó í halla á tímabilinu**
Afkoma sveitarfélaga, % af VLF




Afkomuhorfur lakari en í fyrri áætlun v. verðbóta

# Skuldir fara lækkandi 2025-2029

Skuldir lækka úr 6,9% af VLF í 6,2% af VLF á tímabili fjármálááætlunar og eru vel innan markmið fjármálastefnu.



# Samstæðuuppgjör ríkissjóðs og fjármál opinberra aðila í heild

# Samstæðuyfirlit A-hluta ríkissjóðs í heild

## A-hluti samstæða

**A1**
Starfsemi sem er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum.

**A2**
Starfsemi lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins, og stendur undir sér með sölu á vöru og þjónustu, leigu og lánastarfsemi.

**A3**
Starfsemi hlutafélaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

- Í lok árs 2021 var 50. gr. laga um opinber fjármál, um starfsemi og verkefni ríkisins, breytt með skiptingu A-hluta í A1-, A2- og A3-hluta (lög um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2022, nr. 131/2021).
- Fjallað er um flokkun ríkisaðila í viðauka 1 í greinargerð fjármálaáætlunar.

# Samstæðuyfirlit A-hluta ríkissjóðs

## Rekstraryfirlit A1-hluta ríkissjóðs

- Samsvarandi og 1. gr. fjárlaga
- Rekstraryfirlit A1-hluta ríkissjóðs þ.e. tekjur og gjöld eru í töflu í þátl. um fjármálaáætlun og töflu 2 í töfluviðauka

## Áhrif A2- og A3-hluta á samstæðuuppgjör

- Tekjur, gjöld og afkoma A2- og A3-hluta ríkissjóðs er leiðrétt fyrir innbyrðis færslum
- Kafli 3.2.5 í greinargerð fjármálaáætlunar

## Samstæðuuppgjör A-hluta í heild

- Samstæðuuppgjör leggur þetta tvennt saman
- Birt í töflu 11 í töfluviðauka
- Þetta yfirlit er samanburðarhæft við rekstraryfirlit á vef Hagstofu



+




=



**Afkoma A2- og A3-hluta ríkissjóðs og áhrif A2- og A3-hluta ríkissjóðs á samstæðuyfirlit A-hluta ríkissjóðs í heild**

| ma.kr. | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| I. Áætluð afkoma A2- og A3-hluta ríkissjóðs | | | | | | |
| Frumtekjur | 74,0 | 85,5 | 93,2 | 89,6 | 89,2 | 89,7 |
| Frumgjöld | 131,1 | 80,3 | 86,8 | 82,6 | 81,5 | 81,5 |
| **Frumjöfnuður** | **-57,1** | **5,2** | **6,4** | **7,0** | **7,7** | **8,2** |
| Vaxtatekjur | 54,4 | 40,6 | 34,2 | 32,2 | 30,7 | 31,8 |
| Vaxtagjöld | 80,4 | 63,4 | 55,9 | 52,4 | 50,5 | 52,8 |
| **Fjármagnsjöfnuður** | **-26,0** | **-22,9** | **-21,7** | **-20,2** | **-19,9** | **-21,0** |
| Heildartekjur | 128,4 | 126,1 | 127,4 | 121,8 | 119,9 | 121,5 |
| Heildargjöld | 211,5 | 143,8 | 142,8 | 135,0 | 132,1 | 134,3 |
| **Heildarjöfnuður** | **-83,1** | **-17,6** | **-15,3** | **-13,2** | **-12,2** | **-12,8** |
| II. Innbyrðis færslur gagnvart A1-hluta ríkissjóðs | | | | | | |
| Frumtekjur | -36,0 | -45,2 | -50,6 | -44,9 | -42,1 | -40,6 |
| Frumgjöld | -36,0 | -45,2 | -50,6 | -44,9 | -42,1 | -40,6 |
| **Frumjöfnuður** | **0,0** | **0,0** | **0,0** | **0,0** | **0,0** | **0,0** |
| Vaxtatekjur | -46,6 | -39,6 | -36,8 | -36,2 | -35,5 | -36,2 |
| Vaxtagjöld | -46,6 | -39,6 | -36,8 | -36,2 | -35,5 | -36,2 |
| **Fjármagnsjöfnuður** | **0,0** | **0,0** | **0,0** | **0,0** | **0,0** | **0,0** |
| Heildartekjur | -82,6 | -84,8 | -87,4 | -81,2 | -77,6 | -76,8 |
| Heildargjöld | -82,6 | -84,8 | -87,4 | -81,2 | -77,6 | -76,8 |
| **Heildarjöfnuður** | **0,0** | **0,0** | **0,0** | **0,0** | **0,0** | **0,0** |
| III. Áhrif á samstæðuyfirlit A-hluta ríkissjóðs í heild | | | | | | |
| Frumtekjur | 38,0 | 40,3 | 42,6 | 44,7 | 47,1 | 49,1 |
| Frumgjöld | 95,1 | 35,1 | 36,2 | 37,7 | 39,5 | 41,0 |
| **Frumjöfnuður** | **-57,1** | **5,2** | **6,4** | **7,0** | **7,7** | **8,2** |
| Vaxtatekjur | 7,8 | 1,0 | -2,6 | -4,0 | -4,8 | -4,4 |
| Vaxtagjöld | 33,9 | 23,9 | 19,2 | 16,2 | 15,0 | 16,6 |
| **Fjármagnsjöfnuður** | **-26,0** | **-22,9** | **-21,7** | **-20,2** | **-19,9** | **-21,0** |
| Heildartekjur | 45,8 | 41,4 | 40,0 | 40,6 | 42,3 | 44,7 |
| Heildargjöld | 128,9 | 59,0 | 55,4 | 53,8 | 54,5 | 57,6 |
| **Heildarjöfnuður** | **-83,1** | **-17,6** | **-15,3** | **-13,2** | **-12,2** | **-12,8** |

# Afkoma A2- og A3-hluta er í halla á tímabilinu

- Afkoma aðila í A2-hluta og A3-hluta eru áætluð í halla um 13-18 ma.kr. á ári (utan 2024 þar sem halli er áætlaður 83 ma.kr. m.a. vegna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði í Grindavík).
- Umfang tekna og gjalda þessara aðila er um 90 ma.kr. á ári, en um helmingur er vegna innbyrðis færslna gagnvart A1-hluta ríkissjóðs og er því dregið frá í samstæðuuppgjöri.
- Til innbyrðis færslna teljast m.a. framlög úr A1-hluta til aðila í A2- og A3-hluta og vaxtagreiðslur vegna veittra lána milli þessara aðila.

# Fjármál opinberra fyrirtækja
(ríkis og sveitarfélaga)

**Lykiltölur fyrirtækja hins opinbera**

| *ma.kr.* | Áætlun 2024 | Áætlun 2025 | Áætlun 2026 | Áætlun 2027 | Áætlun 2028 | Áætlun 2029 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildartekjur | 443 | 465 | 487 | 508 | 490 | 515 |
| Rekstrargjöld | 385 | 400 | 416 | 432 | 420 | 440 |
| **Rekstrarafkoma** | **58** | **65** | **70** | **77** | **71** | **75** |
| Fjárfesting | 137 | 82 | 117 | 86 | 68 | 62 |
| **Heildarafkoma** | **-79** | **-17** | **-47** | **-10** | **2** | **13** |
| *Staða í árslok:* | | | | | | |
| Efnislegar eignir | 1.850 | 1.943 | 2.096 | 2.218 | 2.118 | 2.212 |
| Peningalegar eignir | 140 | 138 | 133 | 144 | 136 | 149 |
| Heildarskuldir[1] | 916 | 960 | 1.044 | 1.124 | 1.048 | 1.098 |
| **Hrein eign** | **1.074** | **1.122** | **1.185** | **1.239** | **1.206** | **1.263** |
| Hrein eign % af VLF | 24 | 23 | 23 | 23 | 21 | 21 |
| Heildarskuldir % af VLF | 20 | 20 | 20 | 21 | 19 | 18 |
| Heildarafkoma % af VLF | -1,7 | -0,4 | -0,9 | -0,2 | 0,0 | 0,2 |

[1] Brúttóskuldir að meðtöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum.

- Til opinberra fyrirtækja teljast fyrirtæki og rekstraraðilar sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu hins opinbera en það eru aðilar sem teljast til A3-hluta, B-hluta eða C-hluta ríkissjóðs eða A-hluta sveitarfélaga sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál.
- Áætluð heildarafkoma fyrirtækja hins opinbera bendir til þess að afkoma þeirra verði neikvæð um 1,7% af VLF á yfirstandandi ári en hún batni undir lok tímabils og verði jákvæð sem nemur 0,2% af VLF.

# Opinberir aðilar í heild

## (Ríki, sveitarfélög og fyrirtæki þeirra)

**Lykiltölur fjármála opinberra aðila í heild**

| *ma.kr.* | Áætlun 2024 | Áætlun 2025 | Áætlun 2026 | Áætlun 2027 | Áætlun 2028 | Áætlun 2029 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildartekjur | 2.341 | 2.474 | 2.590 | 2.719 | 2.806 | 2.944 |
| Rekstrargjöld | 2.305 | 2.394 | 2.501 | 2.608 | 2.697 | 2.817 |
| **Rekstrarafkoma** | **35** | **80** | **90** | **111** | **110** | **127** |
| Fjárfesting | 195 | 151 | 187 | 167 | 146 | 139 |
| **Heildarafkoma** | **-159** | **-70** | **-98** | **-56** | **-36** | **-12** |
| Ráðstafanir, uppsöfnuð áhrif[1] | 0 | 9 | 19 | 30 | 32 | 34 |
| **Heildarafkoma með ráðstöfunum** | **-159** | **-61** | **-78** | **-26** | **-4** | **21** |
| *Staða í árslok:* | | | | | | |
| Efnislegar eignir | 4.523 | 4.702 | 4.928 | 5.122 | 5.094 | 5.263 |
| Peningalegar eignir | 1.416 | 1.349 | 1.338 | 1.354 | 1.310 | 1.295 |
| Heildarskuldir[2] | 4.231 | 4.348 | 4.541 | 4.729 | 4.727 | 4.865 |
| **Hrein eign** | **1.707** | **1.702** | **1.725** | **1.747** | **1.678** | **1.692** |
| Hrein eign % af VLF | 38 | 35 | 34 | 33 | 30 | 28 |
| Heildarskuldir % af VLF | 93 | 90 | 89 | 88 | 84 | 82 |
| Heildarafkoma % af VLF | -3,5 | -1,3 | -1,5 | -0,5 | -0,1 | 0,4 |

[1] Ráðstafanir að teknu tilliti til lækkunar vaxtagjalda vegna lægri lántöku.
[2] Brúttóskuldir að meðtöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum.

- A1-hluti ríkissjóðs, A-hluti sveitarfélaga og fjármál opinberra fyrirtækja (ríkis og sveitarfélaga) - sbr. fyrsta taflan í þátl. um fjármálaáætlun.
- Fjármálaáætlun gerir ráð fyrir að samanlögð heildarafkoma opinberra aðila í heild verði í halla sem nemur 3,5% af VLF á þessu ári, en að afkoman batni á næstu árum og verði orðin jákvæð um 0,4% af VLF árið 2029.

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið